



# Stjórn Reykjaneshafnar

## Fundargerð

241. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 14. maí 2020 kl. 17:00 í bíóssal DUUS safnhúsa að Duusgötu 2-8, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Kornráðsdóttir aðalmaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Jón Már Sverrisson varamaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

**1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2020010192)**

Hafnarstjóri fór yfir ýmislegt er snýr að fjármálum hafnarinnar.

**2. Hafnamannvirki Reykjaneshafnar. (2020030194)**

Hafnarstjóri fór yfir hugmyndir varðandi uppbyggingu í Njarðvíkurhöfn. Eftirfarandi var lag fram: *Fyrirliggjandi er viðskiptaáætlun í tengslum við uppbyggingu skjólvarnargarðs í Njarðvíkurhöfn. Lagt er til að hafnarstjóri sendi inn viðkomandi viðskiptaáætlun til Vegagerðarinnar með ósk um mótframlag úr ríkissjóði á grundvelli Hafnarlaga nr. 61/2003. Samþykkt samhljóða.*

**3. Lóðir Reykjaneshafnar. (2020050255)**

**Fitjabraut 5.** Lagður fram lóðarleigusamningur vegna lóðarinnar Fitjabraut 5 frá 19. janúar 2006. *Lagt er til að hafnarstjóra verði falið að afturkalla lóðarleigusamninginn á grundvelli 7. greinar samningsins. Samþykkt samhljóða.*

**Fitjabraut 7.** Lagður fram lóðarleigusamningur vegna lóðarinnar Fitjabraut 7 frá 19. janúar 2006. *Lagt er til að hafnarstjóra verði falið að afturkalla lóðarleigusamninginn á grundvelli 7. greinar samningsins. Samþykkt samhljóða.*

**4. Hafnasamband Íslands. (2020021399)**

Fundargerð 421. fundar Hafnasambands Íslands dags. 20.03.20. **Lögð fram til kynningar.**  
Fundargerð 422. fundar Hafnasambands Íslands dags. 27.04.20. **Lögð fram til kynningar.**

**5. Siglingaráð. (2020021400)**

Fundargerð 22. fundar Siglingaráðs dags. 06.02.20. **Lög fram til kynningar.**

**6. Thorsil ehf. (2019060173)**

Farið var yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaða uppbyggingu Thorsil ehf. á iðnaðarsvæðinu í Helguvík. Eftirfarandi var lagt fram: *Þann 11. apríl 2014 var undirritaður lóðar- og hafnarsamningur milli Reykjaneshafnar annars vegar og Thorsil ehf. hins vegar um uppbyggingu kísilverksmiðju á iðnaðarsvæðinu í Helguvík, en í samningum fólst m.a. að Reykjaneshöfn tryggði Thorsil ehf. ákveðna lóðaraðstöðu. Með þeirri uppbyggingu átti að skapast vel launuð störf á svæðinu ásamt auknum umsvifum í starfsemi Reykjaneshafnar. Nú eru liðin meira en sex ár frá þeirri undirritun og ekkert bólar á fyrirhugaðri starfsemi. Fyrirliggjandi eru samningsviðaukar aðila þar sem kveðið er á um greiðslufyrirkomulag þeirra gjalda sem inna átti af hendi á grundvelli samningsins. Í ljósi þess að greiðslur hafa ekki borist lítur Stjórn Reykjaneshafnar svo á að Thorsil*

*JMS* *S. Guðjónsson*

ehf. hafi vanefnt samningsskyldur sínar. Á tímum óvissu og atvinnubrests er þörf á allri uppbyggingu til að veða upp á móti óheillavænlegri þróun. Stjórn Reykjaneshafnar telur óforsvaranlegt að biða endalaust í óvissu á meðan nýir aðilar óska eftir samræðum um framtíðaruppbyggingu. Því er lagt til að hafnarstjóra verði falið að segja samningum upp í samræmi við 2. mgr. greinar 7.4 í fyrrnefndum lóðar- og hafnarsamningum frá og með n.k. mánaðarmótum. **Samþykkt samhljóða.**

**7. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2020010519)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

---

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:55.**

*Hjörtur W.B. Jónsson*  
*Barbra Gísla Jónsdóttir*  
*Þórunn Þórunn*  
*Kristján Þórunn*  
*Jón Mán Sveinsson*